

Steinunn Þóra Árnadóttir þingmaður
Haraldur Benediktsson þingmaður
Alþingi
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 26. júlí. 2019

Eðli máls samkvæmt munum við hvert um sig svara nýjasta erindi ykkar þar sem mat minnihluta vara-siðanefndar er borið undir okkur. Þó teljum við rétt á þessu stigi að birta nokkrar athugasemdir um feril málsins fram að þessu. Þetta er ekki tæmandi listi yfir athugasemdir okkar um feril þessa undarlega máls. Auk neðangreinds vísum við í fyrri skrif okkar til þeirra sem að málinu hafa komið fyrr og nú.

1. Í málsmeðferðinni felast alvarleg brot á lögum og grundvallarreglum réttarríkja.
2. Í stað þess að verja þolendur alvarlegs glæps hafa fulltrúar löggjafans leitað allra leiða til að refsa þolendunum.
3. Fordæmið sem fulltrúar Alþingis, sjálfrar löggjafarstofnunarinnar, gefa með því að byggja á ólögætum gögnum getur haft víðtæk og skaðleg áhrif til framtíðar.
4. Þolendur afbrotsins sem málatilbúnaðurinn byggir á, vinir þeirra og vandamenn, hafa þegar mátt þola grimmilegri refsingu en heimiluð er í nútíma samfélagi. Markmið pólitískra andstæðinga virðist vera að nýta aðstöðu sína sem kjörnir fulltrúar til að bæta þar í.
5. Málið heyrði augljóslega ekki undir siðareglurnar eins og 2. grein þeirra kveður skýrt á um. Það að litið skuli hafa verið fram hjá því undirstrikar einbeittan vilja til að nýta málið með pólitískum hætti.
6. Frá upphafi hefur málið verið pólitískt eðlis og gengið út á að nýta opinbera stöðu til að refsa flokki í minnihluta án stoðar í lögum og reglum. Slíkt á ekki að geta gerst í lýðræðisríki.
7. Fordæmið sem er gefið með því að löggjafinn nýti lögbrot í þágu pólitískra markmiða mun óhjákvæmilega skaða starf þingsins.
8. Af hálfu hlutaðeigandi var Alþingi Íslendinga í raun sett í sama hlutverk og öryggislögregla í ógnarstjórnarríkjum með því að reyna að finna í illa fenginni upptöku af einkasamtali tækifæri á að koma pólitísku höggi á andstæðinga.
9. Þegar í ljós kom að það fengi ekki staðist ákváðu ólöglega kjörnir fulltrúar Alþingis að styðjast við umfjöllun fjandmanna þeirra sem sótt var að um málið og byggja málareksturinn á henni, jafnvel frá aðilum sem mega teljast þátttakendur í brotinu. Slíkt er stenst að sjálfsögðu enga skoðun eins og öllu réttisýnu fólki má vera ljóst.

10. Ef þingið ætlar raunverulega að byggja afstöðu sína á fjölmiðlaumfjöllun andstæðinga má þá vænta þess að mögulegt verði að kæra aðra þingmenn til siðanefndar fyrir það sem sagt hefur verið um þá í sömu fjölmiðlum? Mun það einnig eiga við um formenn VG og Sjálfstæðisflokks sem eru einu flokkarnir sem eiga fulltrúa í hinni ólöglega kjörnu „auka forsætisnefnd“?
11. Í áliti minni hluta siðanefndar er leitast við að ráðast í hugsanalestur, geta sér til um hvaða hugarfar hafi legið að baki sundurklíptum ummælum og meta hvort þær ímynduðu hugsanir teljist fela í sér hugsanaglæp. Varla þarf að hafa mörg orð um hversu fráleitt, ósanngjarnt og óhugnanlegt slíkt er.
12. Þau ummæli sem sérstaklega er vísað til fela flest í sér lýsingu á afstöðu eða gjörðum annarra. Oft með það að markmiði að hæðast að því viðhorfi. Einnig eru tíndar til athugasemdir sem sagðar eru í kaldhæðni eða sem íkjúgrín (e. hyperbole) þ.e. til að gera grín að því sem sagt er. Það að leitast sé við að gera slíkar lýsingar að skoðunum þeirra sem viðhöfðu þær í háðungarskyni brýtur ekki aðeins grundvallarreglur samfélagsins. Það gengur einnig gegn heilbrigðri skynsemi.
13. Ekki aðeins er leitast við að refsa þolendum alvarlegs afbrots heldur einnig að refsa mönnum fyrir að hafa í einkasamtali sagt frá áreitni sem þeir urðu fyrir. Þannig er leitast við að refsa þolendum tvöfalds brots.
14. Hvergi er að finna nokkuð samræmi í meðferð fulltrúa þingsins á þessu máli og öllum öðrum störfum þingsins. Augljós brot á siðareglum eru látin óátalin á meðan leitað er allra leiða til að nýta illa fengna upptöku einkasamtals til að koma höggi á þá sem fyrir urðu.
15. Af þeim 10 aðilum sem upphaflega hefðu getað haft eitthvað um málið að segja, 7 meðlimum forsætisnefndar og 3 fulltrúum siðanefndar er enginn eftir. Þeir hafa allir sagt sig frá málinu. Auk þess hefur nýr formaður siðanefndar, sem tók til starfa eftir að málið hófst, sagt sig frá málinu af pólitískum ástæðum. Nýir „varaforsetar“ voru sérstaklega kjörnir í andstöðu við lög og stjórnarskrá og látið fylgja sögunni hver niðurstaða þeirra ætti að verða.
16. Af þremur fulltrúum í siðanefnd, sem allir tóku sæti eftir að málsmeðferð hófst, hafði einn fallist á að málið félli ekki undir siðareglurnar. Annar fékk ekki tækifæri til að leggja mat á það en sagði sig svo frá málinu af pólitískum ástæðum. Niðurstaðan byggir því á mati minnihluta siðanefndarinnar, eins fulltrúa sem var skipaður til verksins af aðilum sem þegar höfðu lýst sig vanhæfa.
17. Í ljósi þess að Jón Kristjánsson, sem skipaður var formaður varasiðanefndar í málinu sagði sig frá því af pólitískum ástæðum vekur undrun að 7. og 8. varaforseti (ólöglega kjörnir) skuli telja sig bæra til að úrskurða um málið en báðir eru þeir starfandi pólitískir andstæðingar allra þeirra sem um er fjallað.
18. Forseti Alþingis gerði sig strax í upphafi vanhæfan til umfjöllunar um málið en fylgdi því engu að síðu eftir meðal annars með fordæmalausri misnotkun Alþingis þann 22. janúar sl. þar sem kjörnir voru nýir aukalþingforsetar án nokkurrar lagaheimildar og um leið gefin út fyrirmæli um hvaða niðurstöðu þeim væri ætlað að ná. Sami vanhæfi þingforseti skipaði nýja

nefndarmenn í siðanefnd og kom áfram að því að stýra starfsmönnum þingsins við vinnu þeirra að málinu eftir að vanhæfi hans var ljóst.

19. Erindi varasiðanefndar til þingmanna þar sem þeim var gefinn kostur á að gera athugasemdir virðist hafa verið sent eftir að nefndin hafði komist að niðurstöðu. Í athugasemdum þingmannanna kom fram að ekki væri hægt að styðjast við illa fengin gögn og að öðrum atriðum yrði ekki svarað fyrr en afstaða hefði verið tekin til þeirrar ábendingar. Siðanefndin vísaði þá á 7. og 8. varaforseta (ólöglega kjörinna) sem féllust á að ekki væri hægt að styðjast við umrædd gögn en þess í stað yrði stuðst við umfjöllun tiltekinna fjölmiðla! Þá þegar virðist niðurstaða siðanefndarinnar þó hafa legið fyrir án þess að gefið væri tækifæri til að bregðast við efnisatriðum málsins.
20. Í ljósi þess hvernig hluti varasiðanefndar nálgast málið má velta fyrir sér hvort frá upphafi hafi verið ætlunin að styðjast fyrst og fremst við pólitíska umfjöllun um málið. Gildishlaðnar athugasemdir um hugarfar þeirra sem um var fjallað gefa það til kynna. Í handriti því sem Alþingi sjálft lét vinna sést enda að ótal fullyrðingar um eðli samtalsins voru villandi og rangar. Klipptir voru út bútar til að draga upp þá mynd að samtalið hefði fyrst og fremst markast af „fordómum í garð minnihlutahópa“. Að minnsta kosti einn fulltrúi í varasiðanefnd virðist nálgast málið út frá þeirri fyrir fram gefnu mynd í stað þess að líta á heildarsamhengið. Þetta er til að mynda áberandi þar sem þingmenn fá ákúruð fyrir að lýsa áreitni sem þeir urðu fyrir.
21. Þær setningar sem lagðar eru til grundvallar í umfjöllun varasiðanefndar eru í öllum tilvikum teknar úr samhengi og leitast við að túlka upp á nýtt við hvað hafi verið átt. Í sumum tilvikum er svo beinlínis tekið fram að ekki verði lesið í hverja setningu fyrir sig vegna þess að nefndin telji sig vita af hvaða rótum þær séu sprottnar. Það vekur undurun og óhug að sjá slíkar yfirlýsingar í opinberu skjali og að slíkum aðferðum sé beitt við meðferð máls. Þó er það í samræmi við annað enda virðist orðalagið eiga vel við um málsmeðferðina. Hún er öll af sömu rótum sprottin.
22. Í meira en hálfu ári hafa þolendur þessa máls mátt verja óhóflegum tíma í að svara erindum hinna ýmsu aðila sem flestir hafa fyrir löngu neyðst til að segja sig frá málinu. Þó hefur athugasemdum og fyrirspurnum í engu verið svarað og iðulega hafa bréf frá þeim sem í hlut eiga borið þess merki að svarbréfin hafi ekki einu sinni verið lesin.
23. Enn stendur það eftir að þeir sem sótt hefur verið að hafa ekki fengið að hlýða á þau gögn sem í upphafi voru lögð til grundvallar málsmeðferðinni. Slíkt er brot á einni af mikilvægustu reglum réttarríkisins.
24. Mál þetta allt vekur óhug af fjölmörgum ástæðum. Með því er leitast við að refsa þolendum glæps. Það er rekið áfram af pólitískum andstæðingum þeirra sem fyrir urðu og löggjafarsamkoman notuð í þeim tilgangi. Eðlilegri málsmeðferð hefur hvergi verið fylgt. Farið hefur verið á svig við lög eftir að upphaflegir aðilar höfðu gert sig vanhæfa. Hinir sömu hafa þó áfram hlutast til um málsframvinduna. Samræmis er hvergi gætt. Tilgangurinn helgar meðalið. Skaðinn fyrir okkur og fjölskyldur okkar er mikill en verst er að þeir sem fara með vald skuli hafa leitast við að misnota það með svo alvarlegum hætti. Við verðum að vona að slíkt sé ekki til marks um það sem koma skal í íslensku samfélagi.

Anna Kolbrún Árnadóttir

Bergþór Ólason

Gunnar Bragi Sveinsson

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson